

Hjartarsonar, Hraunteigi 23, og hafði hún hangið á gangi fyrir framan fundarsal á 2. hæð hússins nr. 1 við Þórsgötu, en hin var eign Ólafs Thorlacius, Kársnesbraut 42, og hafði hún hangið í fata-geymslu við veitingastofuna Miðgarð í sama húsi. Úlpurnar komust báðar til skila.

Ákærður kveðst hafa drukkið sig ofurölva þennan dag og muni hann lítið eftir sér, en ekki vefengir hann, að hann hafi tekið úlpurnar. Hann kveðst og muna óljóst, að hann hafi komið í veitingastofuna Miðgarð.

Þykir nægilega sannað, að ákærður hafi gerzt sekur um verknað þann, er greinir í ákæru, og brotið þannig gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans með hliðsjón af fortið hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Ákærður hefur verið í gæzluvarðhaldi síðan 7. þ. m., og ber að draga gæzluvarðhaldið frá refsingu hans skv. 76. gr. hegningarlaga. Svípta ber hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Loks ber að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð :

Ákærður, Magnús Gíslason, sæti fangelsi 6 mánuði, en frá skal draga gæzluvarðhaldsvist hans í 3 daga. Hann er svíptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1954.

Nr. 84/1953. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Geirbrúði Bjarnadóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramar Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 39/1943. Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafði Jakob Árnason á leigu íbúð, tvö herbergi og eldhús, í húsi ákærðu, Bræðratungu við Holtaveg í Reykjavík, frá 1. júní 1945 til 14. maí 1951. Galt

Jakob ákærðu í leigu kr. 250,00 á mánuði, frá því að leigutím-inn hófst til 1. desember 1949, en eftir það kr. 275,00 á mánuði. Leigu fyrir tvö fyrstu árin galt Jakob fyrir fram í einu lagi, en frá 1. júní 1947 virðist hann hafa greitt leiguna mánaðarlega fyrir fram. Húsaleigusamningur var ekki lagður fyrir húsaleigunefnd samkvæmt 11. gr. laga nr. 39/1943, en eftir að Jakob var farinn úr húsnæðinu, æskti hann leigumats húsaleigunefndar. Í matsgerð, dags. 30. maí 1951, kveðst nefndin hafa skoðað íbúðina, telur hana um 36 m² og í lélegu ástandi. Ákvað húsaleigunefnd, að hæfileg leiga eftir íbúðina á ofangreindu leigutímabili væri kr. 60,00 á mánuði auk viðbótargjalds samkvæmt húsaleiguvísitölu. Mati þessu var skotið til yfirhúsaleigunefndar, en hún hefur lýst því, bæði áður en dómur gekk í héraði og eftir að málinu var áfrýjað, að henni sé ekki unnt að meta íbúðina vegna breytinga, sem á henni hafa verið gerðar, eftir að Jakob Árnason fluttist úr henni. Verður því að leggja framangreint leigumat húsaleigunefndar Reykjavíkur til grundvallar í málinu, en samkvæmt því hefur ákærða, svo sem í héraðsdómi greinir, tekið við leigugjaldi að fjárhæð kr. 11.880,50 fram yfir það, sem lög leyfa. Hefur hún með því brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir. Eftir atvikum þykir hæfilegt, að ákærða greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að því er varðar endurgreiðslukröfu Jakobs Árnasonar, þá hefur verjandi ákærðu hér fyrir dómi talið nokkurn hluta kröfunnar fallinn niður fyrir fyrningu. Sækjandi málsins hefur hins vegar hreyft því, að krafan sé þess eðlis, að hún sæti ekki fyrningu, en ekki verður á það fallizt, enda er broti ákærðu ekki þannig háttað, að ákvæði 16. gr. laga nr. 14/1905 standi fyrningu í vegi. Í öðru lagi hefur sækjandi mót-mælt lækkun kröfunnar af þessum sökum, þar sem andmælum vegna fyrningar hafi ekki verið hreyft fyrir sakadómi, og hafi þó löglærður talsmaður ákærðu haldið þar uppi vörn fyrir hana. Samkvæmt 145. gr. laga nr. 27/1951 ber dómara, þegar bótakrafa er höfð uppi í opinberu máli, að leita af sjálfsdáðum sannana um gildi hennar og fjárhæð og bera

atriði, er þar að lúta, undir ákærða. Réttarfarsreglur um afdráttarlausan málflytning gilda því ekki um slíkar kröfur. Ber þegar af þessari ástæðu að taka nefnda mótbáru hér til álita, enda verður ekki séð, að dómari hafi vakið athygli ákærðu á því, að endurgjaldskrafan kynni að vera fyrnd að einhverju leyti, og ákærða hefur ákveðið mótmælt kröfunni í heild og ekki fallið frá neinum varnarástæðum.

Svo sem áður getur, tekur endurgreiðslukrafa Jakobs Árnasonar yfir ofgreidda leigu á tímabilinu frá 1. júní 1945 til 14. maí 1951. Ákærðu var tilkynnt krafan á dómþingi hinn 18. janúar 1952. Samkvæmt 5. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905 var þá fallinn niður vegna fyrningar réttur til endurgreiðslu á leigu, sem ofgreidd hafði verið fyrir 18. janúar 1948. Eftir þann tíma nemur ofgreidd leiga kr. 6.533,70, og ber að dæma ákærðu samkvæmt 13. gr. laga nr. 39/1943 til að endurgreiða Jakobi Árnasyni þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 13. desember 1951, er málið var kært til sakadómara. Þar sem Jakob Árnason hafði kröfu sína uppi í opinberu máli, verða honum ekki dæmd innheimtulaun af henni.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærða, Geirþrúður Bjarnadóttir, greiði kr. 400,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði Jakobi Árnasyni kr. 6.533,70 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæsta-

rétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. marz 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 31. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1060/1953: Ákærvaldið gegn Geirþrúði Bjarnadóttur, sem dómtekið var 26. marz sl.

Málið er höfðað gegn Geirþrúði Bjarnadóttur húsfrú, til heimilis í Mjóstræti 8 hér í bæ. Er hún skv. ákæruskjali, dags. 4. desember sl., ákærð fyrir . . . „húsaleiguokur, samkvæmt lögum um húsaleigu, nr. 39/1943, 12. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 56/1950, sbr. 17. gr. laga nr. 39/1943, sbr. 6. gr. laga nr. 56/1950. Þykir ákærða hafa brotið nefnd lagaákvæði

með því að taka of háa húsaleigu eftir tveggja herbergja íbúð í húsinu Bræðratungu við Holtaveg frá 1. júní 1945 til 14. maí 1951, en leigutaki nefndrar íbúðar var allan þann tíma Jakob Árnason, nú til heimilis Suðurlandsbraut H. 112.

Þess er krafizt, að ákærð verði dæmd til refsingar, endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu samkvæmt 13. gr. laga nr. 39/1943 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærð er fædd 30. október 1899 á Akranesi. Hefur hún, svo að kunnugt sé, eigi fyrr sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Ákærð var eigandi hússins Bræðratungu við Holtaveg hér í bæ. Tímabilið 1. júní 1945 til 14. maí 1951 hafði Jakob nokkur Árnason íbúð á leigu í húsinu. Íbúðin var 2 herbergi og eldhús. Jakob lagði sjálfur til eldavélina. Íbúðin er að utanmáli um 36 fermetrar. Í leigu borgaði Jakob kr. 250,00 á mánuði. Hann greiddi fyrir fram tveggja ára leigu eða kr. 6.000,00. Eftir það greiddi hann húsaleiguna mánaðarlega. Eftir 1. desember 1949 greiddi Jakob kr. 275,00 á mánuði í húsaleigu. Jakobi voru gefnar kvittanir fyrir húsaleigugreiðslunum og því ekki á nokkurn hátt reynt að draga fjöður yfir leiguupphæðina.

Ákærð sagði Jakobi upp húsnæðinu frá 14. maí 1951. Jakob fluttist út 13. maí 1951. Hinn 30. maí 1951 mat húsaleigunefnd húsnæðið fyrir Jakob. Húsaleigunefnd mat hæfilega leigu eftir húsnæðið kr. 60,00 á mánuði auk húsaleiguvísitölu, enda taldi húsaleigunefnd ástand hússins mjög lélegt. Á grundvelli þessa mats kærði nú Jakob ákærða fyrir brot á húsaleigulögum og krafðist þess, að ákærð yrði dæmd til að endurgreiða sér kr. 11.880,50, sem hún hafði oftekið í húsaleigu af Jakobi, auk 6% ársvaxta frá 13. desember 1951, sem er

dagsetning kæru Jakobs, til greiðsludags og kr. 1.263,05 í innheimtukostnað skv. taxta Lögmannafélags Íslands. Ákærð hafði í sjálfu sér ekkert við upphæð kröfu Jakobs að athuga, en taldi, að matið væri allt of lágt. Ráðstafanir voru gerðar til að fá yfirmat, en það fékkst ekki sökum þess, að bæði var langt um liðið og húsnæðinu breytt, svo að yfirhúsaleigunefnd gat ekki framkvæmt matið. Þykir því verða að leggja það til grundvallar í máli þessu, enda er ekkert fram komið í málinu, er hnekkir matinu.

Með eigin framburði ákærðrar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er fengin sönnun þess, að hún hafi tímabilið 1. júní 1945 til 14. maí 1951 tekið of háa húsaleigu, að upphæð kr. 11.880,50. Með þessu hefur ákærð brotið gegn 17. gr. 1. nr. 39 frá 1943, um húsaleigu, og 5. gr. 1. nr. 56 frá 1950, um breyting á l. nr. 39/1943. Samkvæmt 17. gr. húsaleigulaganna, sbr. 6. gr. 1. nr. 56/1950, og með hliðsjón af því, að ákærð fór ekki í launkofa með leiguupphæðina, skýrði strax undanbragðalaust frá leigukjörum öllum, og ekki er um stórvægilegt brot að ræða, þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 1.200,00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem allri kröfu Jakobs Árnasonar er ómótmælt og ekkert fram komið, er þyki athugasvert við hana, þer að taka hana til greina að öllu leyti og dæma ákærða til að greiða Jakobi Árnasyni kr. 11.880,50 ásamt 6% vöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags svo og kr. 1.263,05 í innheimtukostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða þer að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Jónssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400,00.

Dómsorð :

Ákærð, Geirprúður Bjarnadóttir, greiði kr. 1.200,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærð greiði Jakobi Árnasyni kr. 11.880,50 ásamt 6% vöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags svo og kr. 1.263,05 í innheimtukostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 400,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Jónssonar hdl.

Dómi þessum þer að fullnægja með aðför að lögum.